

**36. fundur Fræðslu- og frístundanefndar Fjallabyggðar
haldinn í Tjarnarborg Aðalgötu 13 Ólafsfirði
mánudaginn 30. janúar 2017 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

S. Guðrún Hauksdóttir, formaður, D lista
Sæbjörg Ágústsdóttir, varaformaður, S lista
Kristinn Kristjánsson, aðalmaður, F lista
Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir, varamaður, D lista
Guðrún Linda Rafnsdóttir, varamaður, S lista
Kristinn J. Reimarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála

Fundargerð ritaði: Kristinn J. Reimarsson, Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.

Kristján Hauksson aðalmaður D-lista boðaði forföll og mætti Hjördís H. Hjörleifsdóttir varamaður í hans stað.

Hilmar Þór Hreiðarsson aðalmaður S-lista boðaði forföll og mætti Guðrún Linda Rafnsdóttir varamaður í hans stað.

Fundinn sat Róbert Grétar Gunnarsson verðandi deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.

Fyrir var tekið:

Undir dagskrárliðum nr. 1 og 2 sátu Jónína Magnúsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar, Olga Gísladóttir leikskólastjóri, Magnús G. Ólafsson skólastjóri Tónlistarskólans á Tröllaskaga, Sigurlaug Guðjónsdóttir fulltrúi kennara, Berglind Hlynsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla og Björk Óladóttir fulltrúi foreldra leikskóla.

1. 1612045 - Samningur um greiðslur til fósturforeldra vegna skólaaksturs veturinn 2016-2017

Nefndin samþykkir samninginn.

2. 1407059 - Fræðslustefna Fjallabyggðar

Lögð fram drög að endurskoðaðri fræðslustefnu. Fræðslu- og frístundanefnd þakkar vinnuhópnum sem vann drögin kærlega fyrir þeirra vinnuframlag. Nefndin samþykkir að fela deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að senda drögin til aðila skólasamfélagsins og óska eftir umsögn. Umsagnir og athugasemdir skulu liggja fyrir í byrjun mars.

Jónína Magnúsdóttir, Olga Gísladóttir, Magnús G. Ólafsson, Sigurlaug Guðjónsdóttir, Berglind Hlynsdóttir og Björk Óladóttir véku af fundi kl.17:20.

Haukur Sigurðsson kom á fundinn kl. 17:20.

3. 1701026 - Spinningtímar í íþróttamiðstöð

Lagt fram minnisblað forstöðumanns íþróttamannvirkja. Nefndin óskaði eftir því á síðasta fundi að forstöðumaður legði fram fastmótaða tillögu að rekstarformi. Nefndin samþykkir að fyrirkomulag á spinningtímum verði óbreytt. Jafnframt

samþykkir nefndin að einkaþjálfarar og þeir sem eru með hópatíma í líkamsræktinni greiði eitt gólfgjald kr. 10.000 kr. á mánuði.

4. 1701082 - Starfsáætlun frístundamála 2017.

Starfsáætlun frístundamála lögð fram til kynningar.

5. 1701034 - Notkun á frístundaávísunum

Blakfélag Fjallabyggðar óskar eftir því að iðkendur félagsins geti nýtt frístundaávísanir frá Fjallabyggð til að niðurgreiða æfingagjöld. Nefndin samþykkir beiðni blakfélagsins og felur deildarstjóra að gera samning við félagið þess efnis.

6. 1701083 - Beiðni um að nota frístundastyrk utan sveitarfélags

Lögð fram beiðni frá Aðalbjörgu Kristínu Snorradóttur þess efnis að hægt verði nýta frístundaávísun frá Fjallabyggð til að niðurgreiða æfingagjöld hjá Skíðafélagi Dalvíkur.

Nefndin sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

7. 1502029 - Úthlutun frítíma í íþróttamiðstöð Fjallabyggðar

Lagðar fram uppfærðar reglur um úthlutun frítíma í íþróttamiðstöðvum Fjallabyggðar. Nefndin felur deildarstjóra að lagfæra greinar nr. 2 og 7 í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund.

8. 1701084 - Samningur við KF vegna knattspyrnuvalla

Lögð fram drög að samningi við Knattspyrnufélag Fjallabyggðar (KF) vegna reksturs á knattspyrnuvöllum Fjallabyggðar. Nefndin samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að fylgja málinu eftir við KF.

9. 1701091 - Samningur um rekstur skíðasvæðisins í Tindaöxl

Lögð fram drög að samningi við Skíðafélag Ólafsfjarðar (SÓ) vegna reksturs á skíðasvæðinu Tindaöxl í Ólafsfirði. Nefndin samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála að fylgja málinu eftir við SÓ.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.